

ÞÁTTTÖKUATHUGUN HLUTVERKASETUR

Gott viðmót og heimilisbragur

Höfundur
Védís Drafnardóttir, NsN starfsmaður og
meistaraniemi í fötlunarfræði
við Háskóla Íslands



Hlutverkasetur

Þátttökurannsókn

Þátttökurannsókn var gerð í fyrirtækinu Hlutverkasetri til að kanna upplifun fólks af verunni þar. Spurt var um hvernig viðkomandi hafi frétt af fyrirtækinu og hvernig fólk upplifði starfsemina. Fyrirtækið sérhæfir sig í atvinnulegri endurhæfingu og í að skapa hlutverk fyrir einstaklinga sem einhverra hluta vegna hefur hrökklast út af vinnumarkaðnum eða aldrei komist inn á hann. Tilgangurinn er að einstaklingar komi á eigin forsendum m.a. til að koma reglu á lífið og að kynnast fólki í svipuðum aðstæðum. Markmiðin eru einstaklingsbundin, en flestir stefna á að komast aftur út á almennan vinnumarkað, fara í nám eða auka lífsgæði sín.

Leiðarljós Hlutverkaseturs er virk samfélagsþátttaka til að fyrirbyggja heilsubrest og niðurbrot sem eru fylgikvillar aðgerðarleysis. Hlutverkasetur gengur út frá að allir geti lagt eitthvað af mörkum og hvetur þá sem mæta þegar þeir treysta sér til að bjóða fram krafta sína og þekkingu. Í Hlutverkasetri starfa m.a. iðjupjálfar ásamt einstaklingum sem hafa mikla lífsreynslu og sjálfböðaliðum í mannrækt. Starfsfólkið veitir hvatningu og stuðning fyrir þá sem það vilja, einstaklingsmiðað eða í gegnum samveru, samskipti og sameiginleg verkefni.

Stjórnvöld hafa sett gæðapróun í félags- og heilbrigðisþjónustu á oddinn síðustu áratugi. Allir sem hlut eiga að máli vilja bæta árangur, vinnubrögð, hagkvæmni og að koma til móts við óskir, þarfir og væntingar þeirra sem nota þjónustuna. Ýmsar leiðir eru notaðar til að meta faglegan árangur og mikilvægt er að þær séu fastur liður í rekstri þjónustunnar, því vaxandi kröfur eru gerðar um fjárhagslegan ávinning, jafnrétti og lífsgæði. Þessi þáttökuathugun er ein leið í þessari viðleitni.

Eftirfarandi þáttökuathugun fór frá dagana 17. og 18. febrúar 2011, á frá kl. 13-16. Samkvæmt talningu þessa tvo daga heimsóttu 66 manns Hlutverkasetrið. Alls tóku 20 manns þátt í rannsókninni og fór hún fram að beiðni framkvæmdastjóra Hlutverkaseturs sem hluti af gæðaeftirliti. Þátttakendur voru á aldrinum 25-60 ára.

Jafnframt því að vera í meistaranámi í fötlunarfræði við HÍ frá 2008 er rannsakandi viðskiptafræðingur, með notendareynslu og hefur starfað við Notandi spyr notanda (NsN) gæðapróunarverkefnið sl. þrjú ár. NsN aðferðin byggir á eigindlegum rannsóknarhefðum og meginmarkmið NsN verkefnisins hefur verið að kanna stöðu, ímynd, upplifun og reynslu einstaklinga með geðraskanir og fá sýn þeirra á þjónustunni; hvað þeir kunna að meta, hvað þeim er mikilvægt eða hvað þeim finnst vanta. NsN hefur skapað velmetin störf fyrir einstaklinga með geðraskanir, til að móta og hafa áhrif á þjónustu og þannig eflt mann- og félagsauð.

Þátttakendur

Rannsakandi nýtti vettvangsrannsókn sem er hluti af eiginlegum rannsóknaraðferðum með fræðilegt sjónarhorn fyrirbærafræðarinnar. Upplýsingum er safnað saman á kerfisbundinn hátt á vettvangi. Rannsakandinn deilir aðstæðum þeirra sem taka þátt í rannsókninni og öðlast þannig þekkingu á lífi þeirra og aðstæðum. Milliliðalaust lærir hann um daglegt líf þeirra og fylgjast með því sem fyrir augu og eyru ber. Áherslan er á daglegt líf, hugsanir og athafnir.

Rannsakandi var á vettvangi í tvo daga og allt í allt 6 tíma í Hlutverkasetri og aflaði þannig gagna. Hann lét viðmælendur vita af tilgangi sínum. Hann tók þátt í þeim umræðum sem voru á staðnum og fylgdi eftir með spurningum til að auka betri skilning á viðfangsefninu. Af lokinni hverri heimsókn voru skrifaðar nákvæmar vettvangsnótur og athugasemdir rannsakanda skráðar jafnóðum niður. Eins og áður hefur komið var rætt við 20 einstaklinga, frá 25 – 60 ára.

Karlarnir voru 11 og konurnar 9 og allir viðmælendur bjuggu á höfuðborgarsvæðinu nema einn. Sjö voru á aldursbilinu 20-30 ára og 13 voru á aldrinum 50-60 ára.

Meirihluti viðmælenda sagðist eiga við sálfélagsleg vandamál að stríða. Yfirleitt kom lýsing á veikindum eftir að þeir voru búnir að segja frá reynslu sinni í Hlutverkasetri. Rannsakandi spurði ekki sérstaklega um þann bakgrunn, þær upplýsingar komu frá viðmælendum sjálfum. Átta af þessum 20 viðmælendum voru atvinnulausir og einn þeirra var útlendingur. Flestir höfðu verið atvinnulausir í um tvö ár.

Rannsakandi blandaði sér í hópinn þar sem þátttakendur söfnuðust saman og tók þátt í þeim umræðum sem þar voru. Stærsti hluti hópsins hélt til í eldhúsinu eða inn í setustofu, sumir höfðu verið á námskeiðum og aðrir komu til að vera innan um fólk.

Fólk tók almennt vel í það að ræða reynslu sína af Hlutverkasetri. Stjórnsmál voru langfyrirferðarmest í samræðunum sem fór fram. Margir létu í ljós fjárhagsáhyggjur, voru m.a. hræddir við að lífeyrir þeirra yrðu skertur, og fundu fyrir minnkandi kaupmætti. Flestir voru vanir að hafa lifað við kröpp kjör.

Niðurstöður

Hlutverkasetur hafði mismunandi tilgang fyrir þátttakendur. Margir viðmælenda tóku fram að áður en þeir kynntist starfsemi hefði þeir átt erfitt með að fara fram úr á morgnana. Þeir hefðu verið einangraðir og ekki séð neinn tilgang í að fara á fætur. Það að tilheyra hóp, vera í góðum félagsskap og upplifa hlýju, gæfi þeim orku til að hefja daginn .

Rauði þráðurinn í frásögnum viðmælenda og það sem oftast var tekið fram var framkoma og viðhorf starfsfólks Hlutverkaseturs. Framkoma þeirra einkenndist af hlýju viðmóti, virðingu og jafningjagrunni. Í öðru sæti var hvað staðurinn væri heimilislegur.

Karl um 60 ára: „Hérna er mikið framboð af námskeiðum og verkefnum, andinn er skemmtilegur og starfsfólkið frábært. Hér er heimilislegt og góð blanda af fólki og misjafnt hvaðan það kemur. Hérna er stéttleysi og aldur afstæður“

Margir hrósuðu fólkinu sem stunduðu staðinn, sagði að það væri frábært og kvíði hafði breyst í tilhlökkun að fara á fætur. Þeir sem buðu fram reynslu sína og þekkingu litu á veru sína eins og að fara í vinnu. Sumir höfðu einangrast í kjölfar áfalla eða erfiðrar lífsreynslu. Með verunni þarna var sú einangrun rofin. Margir töluðu um fólkið sem það kynntist og samkenndinni og að þarna hefðu þau eignast vini.

Flestir komu eftir ábendingar félagsráðgjafa eða iðjuþjálfra. Hinn hlutinn hafði haft spurnir af honum í gegn um þriðja aðila Tveir komu eftir umfjöllun um Hlutverkasetur í sjónvarpi.

Helstu þemu

Helstu þemun voru starfsfólkið, heimilislegt andrúmsloft og vináttan. Algengt var að þátttakendur komu á staðinn af því að þeir völdu það sjálfir. Ókeypis námskeið var aðráttaraflí í byrjun. Ef viðmælendur náðu að tengjast staðnum gaf það þeim tækifæri á að komast út úr einangrun. Þátttaka á námskeiðum eða að sinna ákveðnum verkefnum skapaði ný hlutverk og hlutverkin bjuggu til ramma í lífi þeirra og dagskipulag. Mikilvægast hlutverkið var vinarhlutverkið að vera einhvers virði fyrir annan og fá þannig tækifæri á að láta gott af sér leiða. Ný hlutverk efla sjálfstraustið sem hafði áhrif á aukna virkni. Að sjá aðra fá vinnu eða bæta lífsgæði sín viðhélt þeirra eigin von um að bæta eigið líf.

Að koma á eigin forsendum

Þátttakendur kunnu að meta það að fá að koma á staðinn að eigin forsendum, eiga val hvort þeir tæki þátt, hvenær og í hverju.

Ekkert þáttökugjald

Fólk átti erfitt fjárhagslega og var því þakklátt að geta komið á stað sem bauð upp á góð námskeið sem kostuðu ekkert.

Að komast út úr einangrun

Rauði þráðurinn í frásögnum viðmælenda í tengslum við þáttöku þeirra í Hlutverkasetri var að “maður er manns gaman”. Flestir viðmælendur voru einstæðingar og höfðu einangrast í kjölfar geðrænna kvilla eða atvinnumissis. Í gegnum veru sína í Hlutverkasetri höfðu þeir kynnt fólki á námskeiðum eða í spjallhópnum og úr orðið vinátta. Í Hlutverkasetri hafði myndast samheldin hópur og þeir viðmælendur sem talað var við upplifðu ekki lengur að þeir væri einir, heldur tilheyrðu þeir nú hluta af heild. Þeir fengu tækifæri að upplifa tengsl við annað fólk, í gegnum áhugamál eða verkefni.

Hlutverkið vinur

Hlutverkasetur stóð undir nafni að skapa ný hlutverk. Vinahlutverkið hafði vinninginn. Það stóð upp úr sem mikilvægasta hlutverkið fyrir flesta viðmælendur. Að fá tækifæri að hvetja aðra til dáða, hvort sem var í atvinnuleit eða í leit að öðrum hlutverkum gaf lífi þeirra tilgang.

Dagskipulag

Ákveðin rúttína skapast fyrir viðmælendur þegar þeir fóru að stunda Hlutverkasetur í gegnum námskeið eða með reglulegum heimsóknnum.

Aukin virkni

Þátttaka á námskeiðum og ný eða breytt hlutverk efldi sjálfstraustið og því fylgdi aukin virkni.

Von

Það gaf von að sjá einstaklinga sem stundað höfðu setrið komast áfram með eigið líf eða að fá vinnu eða hefja nám.

Samantekt

Frásagnir viðmælanda af Hlutverkasetri voru yfirleitt jákvæðar enda mæta einungis þeir sem voru að fá eitthvað út úr starfseminni. Einstaka vildi hafa fleiri sérfræðinga á staðnum til að hægt væri að hafa takast á við fjölþætt vandamál, en aðrir sögðu að ef þeir bæðu um viðtöl og stuðning fengu þeir það. Margir voru í góðum tengslum við fagaðila út í bæ. Það kom fram að þátttakendur upplifðu kennara námskeiðanna á ólíkan hátt. Kennarar í Hlutverkasetri eru ólíkir, sumir eru með langa reynslu meðan aðrir hafa litla sem enga reynslu.

Hluti af stefnu Hlutverkaseturs er að gefa fólki sem átt hefur við sálfélagleg vandmál eða er atvinnulaust tækifæri á að spreyta sig í mismunandi hlutverkum. Nokkrir sem halda námskeið hafa því hvorki réttindi né reynslu, aðeins áhuga og löngun að prófa sig. Þessi nálgun er nýmæli sem Hlutverkasetur er að þróa og allir þátttakendur virðast ekki hafa náð að verið er að gefa fólki tækifæri í að prófa sig áfram til að virkja áhugahvöt og virkni. Hlutverkasetur verður að draga þessa nýsköpun sína betur fram til að öllum þátttakendum sé ljóst hver tilgangurinn er til að koma í veg fyrir frekari misskilning.

Mat rannsakanda er að Hlutverkasetur er áhugavert samfélagsverkefni sem er spennandi verður að fylgjast með hvernig muni þróast á næstu misserum. Rannsakandi stefnir á að fylgjast með þróun starfseminnar í gegnum eigið meistaranám í fötlunarfræði.